

Alþingi
Erindi nr. P 140/1566
komudagur 18.5.2012

- 1. Almennur rökstuðningur fyrir litlum orkunýtingarflokki: Einstök náttúra, fórnir þegar miklar, lítill þörf fyrir meiri raforku og mikil óvissa um áhrif virkjana**
 - Fjölmörg fyrirbæri í náttúru Íslands eru einstök á heimsvísu. Hér eru stór víðerni, stórbrotið eldfjallalandslag og lítt snortin vatnasvið, sem allt eru hverfandi verðmæti í sífellt þéttsetnari heimi. Margar virkjunarhugmyndir lenda einmitt á þessum verðmætu svæðum. Okkur ber siðferðisleg skylda gagnvart okkur sjálfum, afkomendum okkar og heiminum öllum að vernda þennan einstaka náttúruarf.
 - Miklar fórnir á náttúru Íslands hafa þegar verið færðar fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Búið er að raska um helmingi af virkjanlegum háhitasvæðum á landinu og fjöldinn allur af vatnsaflsvirkjunum hefur verið reistur. Áhrif þessa eru að stórum hluta til óafturkræf.
 - Líta ber til þess hver raunveruleg þörf fyrir raforkuframléiðslu á Íslandi er. Aukin árleg þörf til almennrar notkunar (annarra en stóriðju) nemur ekki nema rúmlega 50 GWh² á ári, eða um 7-8 MW. Til samanburðar þá eru um 1050 MW undir í orkunýtingarflokki í þingsályktunartillögunni. Þessari auknu almennu þörf mætti mæta með stórauðum orkusparnaði, aukinni nýtingu vatnsaflsvirkjana vegna hlýnunar jarðar og mögulega með öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum.
 - Mikil óvissa ríkir um endingu jarðvarmaauðlindarinnar og heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif nýtingar og hvernig eigi að farga affallsvatni. Því ber að fara mun hægar í nýtingu jarðvarma.
- 2. Verndun ætti að taka mið af: heildum, heilu vatnasviðunum, sérstæðum jarðminjum og möguleikum til ferðaþjónustu og útivistar, m.a. í nágrenni þéttbýlis**
 - Rík áhersla á verndun heilda og lítt snortinna víðerna. Stór víðerni eru á undanhaldi á Íslandi en samkvæmt nýlegri úttekt við Háskóla Íslands hafa þau dregist saman um u.þ.b. 70% á síðustu 70 árum.
 - Verndun miðhálandis Íslands er afar brýnt að mati Landverndar. Sérstaða og verðmæti felst í einstakri náttúru, andstæðum í landslagi og gróðurfari og óteljandi möguleikum til upplifunar í lítt snortinni öræfakýrrð. Víðerni svæðisins eru á meðal síðustu stóru víðerna Evrópu.
 - Þingsályktunartillagan gengur ekki nógu langt í verndun heilla vatnasviða, en einungis Markarfljót og Jökulsá á Fjöllum eru í verndarflokki. Í tillögunni eru hinsvegar nokkur vatnasvið í biðflokki sem hafa afar hátt verndargildi og/eða fyrir ferðaþjónustu: Jökulsárnar í Skagafirði, Skjálfandafljót, Hólmsá og Skaftá í Skaftárhreppi og lindaár á því svæði. Einnig má nefna þá hluta vatnasviðs Hvítár í Árnessýslu sem ekki hefur verið raskað með virkjunum.
 - Jarðminjar á Íslandi hafa margar mikla sérstöðu, sumar á heimsvísu. Fjölmörg svæði sem liggja undir í tillögunni eru einmitt á meginhluta virkra gosbelta landsins, þar sem er að finna einstakt heimsminjasafn eldstöðva og sýnilegrar gliðnunar á flekaskilum. Hér má nefna Suðvesturland sem að stórum hluta er í orkunýtingarflokki.
 - Áhersla Landverndar hefur einnig verið á verndun náttúrusvæða í nágrenni þéttbýlis m.a. vegna mikilvægis þeirra fyrir útivist og ferðamennsku. Þetta á ekki síst við um svæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.
 - Því er fagnað að mikilvæg náttúruverndarsvæði falla í verndarflokk í tillögunni.

3. Suðvesturland og Reykjaneskaginn: of mörg svæði í orkunýtingarflokki

- 7/15 svæðum eru í orkunýtingarflokki. 4/5 svæðum í Reykjanesfólkvangi eru í orkunýtingar- og biðflokkum (Sandfell og Sveifluháls í nýtingu, og Austurengjar og Trölladyngja í bið).
- Færa ætti virkjunarhugmyndir á Sveifluhálsi, Sandfelli, Eldvörpum og Stóru-Sandvík í biðflokk hið minnsta, en sterk rök má færa fyrir verndun svæðisins:
 - Einstakar jarðminjar á heimsvísu með hátt verndargildi
 - Mikil óvissa um heilsufarsleg áhrif jarðvarmavirkjana en virkjanir eru í næsta nágrenni höfuðborgarinnar
 - Möguleikar til ferðamennsku eru miklir og ekki síður til útivistar
 - Vísbendingar eru um aukna nýtingu svæðisins til útivistar og ferðamennsku
 - Faghópur II í rammaáætlun taldi að verðmæti lítt snortinna svæða í nágrenni höfuðborgarinnar hafi að öllum líkindum verið vanmetin fyrir útivist og ferðaþjónustu.
- Mikil tækifæri felast í stofnun eldfjallaþjóðgarðs í Fólkvanginum – meta þarf þessi tækifæri

4. Stuðningur við langtíma stefnumörkun fyrir vatnsafls- og jarðvarmanýtingu

- Landvernd er fylgjandi þeirri aðferðafræði að skipta virkjanahugmyndum í orkunýtingar-, bið- og verndarflokka og telur það auðvelda yfirsýn, upplýsta ákvarðanatöku og langtíma stefnumörkun við vernd og orkunýtingu landsvæða.
- Landvernd fagnar því að þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir eflingu á starfsemi á sviði friðlýsinga.
- Landvernd telur óheppilegt að njörva niður tíma og miða við eittoghálf ár fyrir fyrstu áfangaskýrslu nýrrar verkefnisstjórnar – ekki er víst að tíminn dugi til upplýsingaöflunar.
- Landvernd gagnrýnir að samkvæmt lögum nr. 48/2011 er ekki gert ráð fyrir aðkomu félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Samantekt: Stækkun biðflokks á kostnað orkunýtingarflokks

Færa þarf afar sterk rök fyrir flokkun virkjunarhugmynda í orkunýtingarflokk því yfirleitt er um óafturkræfar framkvæmdir að ræða. Umhverfis- og samfélagsleg áhrif verða að vera í lágmarki og óvissa lítil. Þá verður einnig að taka tillit til þess að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er bindandi fyrir skipulagsáætlanir sveitarfélaga og er ábyrgð Alþingis því enn meiri með flokkuninni.

Landvernd telur það bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að færa mun fleiri virkjunarhugmyndir úr orkunýtingarflokki í biðflokk. Þetta mat samtakanna hefur verið rökstutt ítarlega í umsögn þeirra frá 7. maí sl. og í sameiginlegri umsögn 13 náttúruverndarféлага frá því í nóvember 2011. Miklar fórnir hafa þegar verið færðar á náttúru Íslands og þar sem lítil aukning í raforkuþörf til almennra nota verður á næstu árum, auk mikillar óvissu um áhrif margra virkjana á umhverfi og heilsufar, er nauðsynlegt að fara mun hægar í sakirnar en núverandi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir.